

10. júní 2024

Umsögn íbúaráðs Laugardals um sviðsmynd fjögur fyrir uppbyggingu skólapláss

Íbúaráð Laugardals hefur fjallað um framkomna tillögu skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur um byggingu unglingskóla í Laugardal svonefnda sviðsmynd fjögur.

Íbúaráð hefur áður lýst stuðningi við sviðsmynd eitt í þessu ferli og hafnað sviðsmynd þrjú sem er keimlík sviðsmynd fjögur og áður fram komin.

Niðurstaða íbúaráðs er að

Einn stór unglingskóli muni hafa víðtæk áhrif í hverfinu. Unglingar þurfi að ferðast um langan veg í skóla, hætt er við aukinni umferð bíla vegna þess og aðrir minni skólar í hverfinu verði hornreka í samanburði.

Greining málsins er vanreifuð því ekki er hugað að áhrifum á skólamenningu sem uppbrot á skólahverfum hafi í för með sér né úrlausnum allra skóla í hverfinu. Það að kljúfa skólahverfi Laugarness í tvo yngri barna skóla verður fyrirsjáanlega í mikilli andstöðu við íbúa og foreldrafélög skólanna.

Árangur þess að hafa safnfrístund fyrir 3. og 4. bekk hjá Laugarness- og Langholtsskóla hefur ekki verið metinn en heyrst hefur frá foreldrum að mikið brottfall sé hjá þessum aldurshóp undanfarin misseri.

Íbúaráð leggst gegn byggingu á grænum svæðum í Laugardal og skerðingu íþróttastöðu íþróttafélaga.

Kostnaður á framkvæmdastigi með tvö skólahótel tímabundið þarf að skoða sem eins skiptis fórnarkostnað þar sem um er að ræða þéttbýlasta hverfi borgarinnar þar sem er mest þétting byggðar og aðrar lausnir ekki tryggðar í skipulagsferli.

Íbúaráð Laugardals lýsir yfir eindregnum stuðningi við kröfur íbúar og foreldra skólabarna í hverfinu nú.

- Fyrri niðurstaða sem valdi sviðsmynd eitt eftir langt ferli var byggð á rýni og samráði við fagaðila og telur íbúaráð mikilvægt að traust haldist milli fagaðila skóla, íbúa og Skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Starfsánægja kennara og annars skólastarfsfólks er

Íbúum mikilvæg. Framlögð tillaga sem sviðsmynd fjögur er að mestu samhljóða sviðsmynd þrjú sem áður var hafnað.

Íbúaráð lýsir áfram yfir stuðningi við sviðsmynd eitt í þessu ferli og hafnar sviðsmynd fjögur.

- Þörf er á að taka einnig mið af stöðu Vogaskóla og barna Waldorf skólans þegar fjallað er um skólamál í Laugardal.